

Vatnajökulsþjóðgarður
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabæ

Akureyri, 22. desember 2021

Efni: Umsögn vegna veiðigriðlands á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Vísað er til bréfs, dags. 28. október s.l. þar sem Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna veiðigriðlands á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Óskaði Vatnajökulsþjóðgarður eftir umsögn um eftirfarandi þrjú atriði;

1. *Hvort ástand fuglastofna og hreindýrastofnsins eða þættir er snúa að veiðistjórnun geri það að verkum að þörf sé á setningu reglna um veiðar á svæðinu.*

Nú er Umhverfisstofnun að hefja vinnu við gerð stjórnunar- og verndaraáætlana fyrir villta fugla og spendýr á Íslandi. Í þeim áætlunum mun m.a. koma fram hvort ástand viðkomandi tegunda sé þannig að það kalli á einhverjar aðgerðir, annað hvort til að draga úr veiðiálagi eða auka það. Í vissum tilfellum gæti það kallað á svæðisbundnar aðgerðir, m.a. í samræmi við ítarlegt mat á helstu ógnum sem steðja að hverjum stofni og farið er yfir í viðkomandi áætlunum. Við gerð áætlana stendur til að kalla til helstu hagsmunaaðlila, þ.m.t. Vatnajökulsþjóðgarð. Svæðisbundin friðun á einhverri tegund væri þá unnin í samráði við þá sem umráð yfir svæðinu hafa.

Megin tilgangur hreindýraveiða er að stýra stofnstærð hreindýrastofnsins og draga þar með úr neikvæðum áhrifum vegna ágangs. Þar er helst verið að horfa til þess að koma í veg fyrir aukinn ágang og neikvæð áhrif á bithaga, búsvæði og vistgerðir. Í þeim tilgangi er gefinn út veiðikvóti ár hvert sem Náttúrustofa Austurlands reiknar út. Útbreiðslusvæði hreindýra er skipt upp í níu veiðisvæði og er kvóti gefinn út fyrir hvert svæði fyrir sig þar sem fram kemur hve mörg dýr af hvoru kyni skuli veidd á hverju svæði. Umhverfisstofnun selur veiðileyfi til veiðamanna en óheimilt er að veiða án þess að hafa veiðileyfi. Hver veiðimaður sem fer til veiða þarf að hafa með sér leiðsögumann með hreindýraveiðum sem sér til þess að veiðin sé í samræmi við útgefið veiðileyfi, þ.e. rétt kyn og svæði. Með þessu móti er hreindýraveiðum allvel stýrt og því telur Umhverfisstofnun ekki þörf á að hafa sérstakt friðað svæði við Snæfell til að hlífa stofninum.

Ef stór hluti þeirra dýra sem gert er ráð fyrir í kvótasetningu heldur sig á óveiðanlegu svæði á veiðitíma getur það leitt til of mikils veiðiálags á þær hjarðir sem eru utan þess svæðis. Það að hafa griðland inni í miðju veiðisvæði getur því leitt til að erfiðlega gengur að veiða upp í kvóta og að ekki sé hægt að dreifa veiðiálaginu eðlilega á hjarðirnar eins og gerðist veiðitímabili 2021.

Umhverfisstofnun telur ekki þörf á að Vatnajökulspjóðgarður setji sérreglur um veiðar til verndar veiðidýra nema að það sé í gegnum ofangreindar stjórnunar- og verndaráætlanir. Umhverfisstofnun annast veiðistjórnun í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og hefur stofnunin umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Nauðsynlegt er því að leita eftir atbeina Umhverfisstofnunar og samstarfi ef tillögur koma fram um aðgerðir sem haft geta áhrif á veiðistjórnun.

2. Gerir skilgreining svæðisins á lista RAMSAR kröfur á setningu sérstakra ákvæða í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajölsþjóðgarðs.

Meginmarkmið Ramsar-samningsins frá 1971 er vernd og skynsamleg nýting votlendra svæða með staðbundnum og aðþjóðlegum aðgerðum og samstarfi.

Þrjár meginstoðir samningsins eru (1) að vinna að skynsamlegri nýtingu á Ramsar svæðum, (2) að tilnefna svæði sem falla að skilgreiningu um alþjóðlegt mikilvægi á lista Ramsar-samningsins og tryggja skynsamlega stjórnun og (3) að koma að alþjóðlegu samstarfi vegna votlendissvæða þvert á landamæri, sameiginleg votlendiskerfi og sameiginlega dýrastofna.

Árið 2013 var Snæfells- og Eyjabakkasvæðið sett á lista Ramsar og þar með skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði. Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir Eyjabakka ásamt Vesturöræfum sem alþjóðlega mikilvægt fjaðrafellisvæði fyrir heiðargæs. Auk þess er svæðið skilgreint sem IBA svæði (important Bird Areas) sem er skrá alþjóðlegu fuglaverndasamtakana yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Náttúrufræðistofnun Íslands metur heiðargæsastofninn mjög stóran og vaxandi og því ekki í hættu skv. valista stofnunarinnar. Hreindýr er innflutt tegund á Íslandi og eiga þau búsvæði innan Ramsar-svæðisins við Snæfell. Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir tegundina ekki á valista þar sem hún er innflutt samkvæmt viðmiðum Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakana.

Samkvæmt skilyrðum Ramsar-samningsins skulbinda stjórnvöld sig til að stuðla að skynsamlegri stjórnun og nýtingu innan svæða sem talin eru alþjóðlega mikilvæg. Liður í því er að tryggja að lífríki og náttúrufari sé ekki stefnt í hættu. Eðlilegt getur verið að gera ríkari kröfur til nýtingar innan Ramsar-svæða en að nýting skuli vera sjálfbær en í ljósi mats Náttúrufræðistofnunar Íslands á stöðu þeirra stofna sem er sérstaklega horft til innan Ramsar-svæðisins þá er heiðargæsastofninn í vexti og stofn hreindýra ekki metinn. Komi til þess að staða þeirra breytist er eðlilegt m.t.t. verndunar að hægt sé að setja á takmarkanir á veiðum innan svæðisins að gefnum ákveðnum viðmiðum. Eins mætti taka til skoðunar á landsvísu að takmarka- eða banna notkun blýs í byssukúlum veiðimanna en nýta í staðinn aðra valkosti s.s. stál.

3. Hvort vistfræðilegt þol svæðisins kallar á setningu sérstakra ákvæða og/eða eftirlit/aðgát, t.d. varðandi umferð og landnýtingu.

Umhverfisstofnun hefur ekki í höndunum nein gögn sem gefa til kynna að vistfræðilegt þol svæðisins kalli á setningu ákvæða og/eða eftirlits, aðgátar varðandi umferð og landnýtingu. Það er væntanlega í höndum rannsóknar- og vöktunaraðila að svara slíkum spurningum. Ef mat þeirra aðila er að einhverjum veiðitegundum stafi hætta af umferð og landnýtingu, þá telur

Umhverfisstofnun mikilvægast að náið samtal fari fram milli stofnanna um hvernig sé haldið á því máli og hvernig því séu gerð skil annarsvegar í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir veiðitegundir og hins vegar fyrir svæðið í heild.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Bjarni Pálsson
teymisstjóri